

Til forsætisnefndar,

Reykjavík, 16. nóvember 2018

Undirritaður hefur móttækið bréf forseta Alþingis dagsett 14. nóvember 2018 varðandi erindi mitt frá 29. október sl. og snýr að rannsókn á endurgreiddum kostnaði alþingismanna.

Í bréfi forseta Alþingis var vísað til fundar forsætisnefndar þann 12. nóvember sl., þar sem rætt var á hvaða grundvelli slík rannsókn gæti farið fram, sbr. skilyrði 16. og 17. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Þá segir í því að ekki megi ráða af erindi mínu hvaða atvik eða háttarni einstakra þingmanna gefi tilefni til rannsóknar af þeim toga sem óskað hefur verið eftir. Mér hefur verið gefið færi á að skýra nánar grundvöll erindisins og eftir atvikum upplýsa um þau atvik sem geti varðað brot á 14. gr. siðareglna fyrir alþingismenn eða almennum hegningarlögum áður en forsætisnefnd tekur endanlega afstöðu til erindisins.

Undirritaður vill þakka fyrir að hafa hlotið tækifæri til að gera betur grein fyrir þeirri háttarni sem hann hefur óskað eftir rannsókn á. Það skal tekið fram að upprunalegt erindi mitt og sú beiðni um rannsókn sem í því fólst sneri að öllum þingmönnum, en að einum nánari tilgreindum þingmanni til vara. Því skal haldið til haga að með þessu bréfi er ekki í neinu fallið frá þeirri kröfu um að forsætisnefnd rannsaki endurgreiðslur til allra þingmanna. Leiði þessi rannsókn í ljós að einn þingmaður eða fleiri hafi brotið siðareglur alþingismenn hvetur undirritaður forsætisnefnd eindregið til að rannsaka hvort að sambærileg brot kunni að hafa verið framin á siðareglum af öðrum þingmönnum.

Með bréfi þessu vill undirritaður koma á framfæri frekari upplýsingum varðandi hvaða atvik eða háttarni einstakra þingmanna hafa gefið tilefni til þeirrar rannsóknar sem óskað hefur verið eftir.

Undirritaður vill sérstaklega vekja athygli forseta Alþingis og forsætisnefndar á 1. mgr. 8. gr. reglna um meðferð erinda og málsmeðferð samkvæmt siðareglum fyrir alþingismenn. Þar segir að þegar forsætisnefnd Alþingis telji að mál sé þannig vaxið að það gefi tilefni til nánari athugunar, og að því verði ekki lokið skv. 6. og 7. gr., skuli nefndin, á grundvelli fyrirliggjandi gagna, afmarka nánar þá háttsemi sem þingmaður er sakaður um og með hvaða hætti hún geti talist fela í sér brot á meginreglum um háttarni og háttarnisskyldur alþingismanna, sbr. 6. – 14. gr. siðareglna fyrir alþingismenn.

Frá því að undirritaður sendi fyrst erindi til forsætisnefndar voru samþykktar á Alþingi nýjar siðareglur með þingsályktun nr. 18/148. Með þingsályktuninni bættist við ný grein á eftir 7. gr. siðareglanna og riðlaðist því röð annarra greina. Því skal haldið til haga að sú grein siðareglna sem undirritaður telur að brotið hafi verið gegn er 15. gr., sem segir að þingmenn skuli sjá til þess að endurgreiðsla fyrir útgjöld þeirra sé í fullkomnu samræmi við reglur sem settar séu um slík mál.

Varðandi það hvaða atvik eða háttarni einstakra þingmanna gefi tilefni til rannsóknar vísar undirritaður til eftirfarandi ummæla sem þingmaðurinn Ásmundur Friðriksson hefur látið falla í viðtölum, en frumgögn er að finna sem fylgiskjöl við þetta bréf.

Í fylgiskjali 1: „Eftir sex ár á ég vini um allt kjördæmið, fólk sem ég heimsæki reglulega og það skýtur yfir mig skjólshúsi og leyfir mér að gista hjá sér á ferðum mínum austur í sveitir og á Höfn. Ég er heppinn, hef verið beðinn að aðstoða við fjölmörg mál sem snerta einstaklinga og fyrirtæki í kjördæminu. Þá legg ég lið á skemmti- og góðgerðarkvöldum og ég mæti sem ræðumaður eða gestur á fjölda skemmtana. Þannig tek ég þátt í gleði og sorg samfélagsins og mæti gjarnan í útfarir og heimsæki fólk á spítala og dvalarheimili.“

Í fylgiskjali 2: „Reglur Alþingis um þingfararkostnað þingmanna virðast ekki gera greinarmun á hvort þingmaður fái endurgreitt fyrir ferðir á vegum þingsins annars vegar og flokks síns hins vegar. Þetta staðfesti Ásmundur Friðriksson í viðtali við Morgunútvarpið í síðustu viku þegar hann sagði að þingið greiddi ferðir hans um kjördæmið á vegum flokksins, til dæmis á fundi og í kosningabaráttu. „Það kallar á endalaus ferðalög, þessar kosningar sem við höfum verið að lenda í,“ sagði hann.“

Í fylgiskjali 3:

„Þar kemur einnig fram að hann láti Alþingi greiða fyrir allan akstur þegar hann hittir kjósendur flokksins í prófkjörum. Hann segist ekki hafa samið reglurnar og starfi innan þeirra.“

„Strax eftir viðtalið viðurkenndi Ásmundur að hafa farið rangt með þegar hann var spurður út í hvort hann hefði látið ríkið greiða fyrir akstur við upptökur á þættinum Auðlindakistan. Hann sagði að upptökufólk hefði setið með honum í bílnum á leið í upptökur á viðtölum. Ferðirnar hafi fyrst og fremst verið til að hitta kjósendur en tókulið ÍNN hafi fengið að fljóta með til að gera sjónvarpsþætti.“

Í fylgiskjali 4:

„Spyrill: Í starfreglunum segir að ef menn eru komnir upp í 15.000 km þá eigi menn að taka bílaleigubíl.

ÁF: Ég held að þær reglur hafi verið settar núna í lok síðasta þings án samráðs við okkur þingmennina sem eru í þessum heimaakstri. Það eru nú þingmenn sem hafa verið í viðræðum við núverandi forsætisnefnd um þessar reglur.

Spyrill: En reglan er. Af hverju ferðu ekki eftir henni?

ÁF: Ég er að skoða það núna. Ég var búinn að bjóða þinginu það. Að því ég gerði athugasemdir við þá bíla sem þeir bjóða. Ég ætla ekki að fara að keyra hérna á ónýtum bílaleigubílum keyrðum hundruðum þúsunda kílómetra. Ég bauð þeim það, að leigja bara minn bíl á sömu kjörum og þeir fá t.d. þessa bíla sem þeir hafa verið að skaffa þingmönnum.

Spyrill: Ætlaðir þú að fara að leigja þinginu þinn bíl?

ÁF: Nei ég bara stakk upp á því. Því ég vil gera kröfur um hvers konar bíl ég ek á.“

„Spyrill: Hvað með þegar þú ferð í prófkjör?

ÁF: Þá nota ég bílinn.

Spyrill: Já en rukkarðu þingið um aksturskostnað fyrir prófkjör?

ÁF: Já já, ég geri það.

Spyrill: Finnst þér eðlilegt að þú sért í innanflokksslag á kostnað skattborgara?

ÁF: Þetta eru bara reglurnar – ég kom bara inn í þetta umhverfi. Það voru búnir að vera fullt af þingmönnum á þingi áður en ég kom.

Spyrill: Hvað fékkstu mikla peninga fyrir að keyra bílinn í prófkjöri? Ertu búinn að taka það saman?

ÁF: Nei nei.“

„Spyrill: Þess má geta að strax eftir viðtalið viðurkenndi Ásmundur að hafa farið rangt með þegar hann var spurður út í hvort hann hefði látið ríkið greiða fyrir akstur við upptökur á þættinum Auðlindakistan. Hann sagði það hér í myndveru að upptökufólk hans hefði setið

með honum í bálnum á leið í upptökur á þessum viðtölum fyrir ÍNN. Ferðirnar hafi þó fyrst og fremst verið til að hitta kjósendur en tókulið frá sjónvarpstöðinni ÍNN hafi fengið að fljóta með til að gera sjónvarpsefni og hann hafi rukkað Alþingi um aksturskostnaðinn.“

Beinir undirritaður því til forsætisnefndar að kanna hvort að ofangreind atvik kunni að varða við 15. gr. siðareglna fyrir alþingismenn og 4. – 5. og 6. gr. reglna forsætisnefndar um þingfararkostnað, 7. gr. laga um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, en vísar að öðru leyti til ítarlegri umfjöllunar um þessi ákvæði á 1. og 2. bls. erindis síns, dags. 29. október sl.



Björn Leví Gunnarsson,  
alþingismaður



1

Eftir Ásmundur Friðriksson

## Þingmaður er þjónn fólksins í kjördæminu

11.nóvember'18 | 13:03



Ásmundur Friðriksson

Starf þingmannsins er ólíkt öllum öðrum störfum sem ég hef áður kynnst. Hann er kosinn til starfa og hans eini yfirmaður er kjósendinn sem á kjördag veitti honum umboð sitt. Enginn annar en kjósendinn getur sagt þingmanninum upp störfum.

Þingmaðurinn er ekki ríkisstarfsmaður, hann er fulltrúi þeirra kjósenda sem gáfu honum atkvæði sitt á kjördag og þarf að standa þeim skil á vinnu sinni fram að næsta kjördegi.

Þegar kjósendur í Suðurkjördæmi veittu mér brautargengi í kosningunum vorið 2013 tók ég strax þá ákvörðun að verða sýnilegur þingmaður, þjónn fólksins. Leggja mig fram um að kynnast sem flestum í víðfeðmu og fjölmennu kjördæmi og

setja mig inn í þau mál sem brenna á samfélögum frá Garðskaga í vestri að Þvottáskriðum í austri. Þetta kostar mikla vinnu og ferðalög.

### Tek þátt í gleði og sorg

Ég hef notið þingmennskunnar, þótt ekki hafi alltaf verið logn. Álagið á stundum mikið en alltaf er skemmtilegt að setja sig í stellingar og ferðast um kjördæmið þvert og endilangt. Þingmaður sem ekki kynnist kjósendum sínum og ræktar sambandið við þá, sinnir ekki starfi sínu og verður aldrei trúverðugur fulltrúi þeirra á þingi. Þessi einföldu sannindi voru mér efst í huga fyrir sex árum þegar ég settist fyrst á alþingi. Eftir sex ár á ég vini um allt kjördæmið, fólk sem ég heimsæki reglulega og það skýtur yfir mig skjólshúsi og leyfir mér að gista hjá sér á ferðum mínum austur í sveitir og á Höfn. Ég er heppinn, hef verið beðinn að aðstoða við fjölmörg mál sem snerta einstaklinga og fyrirtæki í kjördæminu. Þá legg ég lið á skemmti- og góðgerðarkvöldum og ég mæti sem ræðumaður eða gestur á fjölda skemmtana. Þannig tek ég þátt í gleði og sorg samfélagsins og mæti gjarnan í útfarir og heimsæki fólk á spítala og dvalarheimili.

### Í góðu sambandi við fólk

Allt kostar þetta mikinn akstur og fjarveru af heimilinu. Að jafnaði eru 100 þingdagar á ári svo það eru eftir 265 dagar sem ég sem þingmaður hef til að rækta fólk í mínu kjördæmi. Ég lít á það sem skyldu mína að nýta þessa daga til að eiga beint samtal við kjósendur og kjósendur eiga kröfu á að ég sinni þessari skyldu minni af trúmennsku.

Til að sækja þingfundi ek ég u.þ.b. 12.000 km á ári og u.þ.b. 30-35.000 km til að ferðast í kjördæminu á hverju ári. Ég fer um og yfir 100 ferðir um kjördæmið og er hver ferð að meðaltali 300 km. Gera má ráð fyrir að þessar ferðir sem flestar eru farnar um helgar og á kvöldin. Um allflestar þessara ferða má lesa á fésbókinn minni. Þar eru myndir af þeim sem ég hitti og oft stutt frásögn af því sem ég upplifði. Segi frá starfsemi fyrirtækja eða mannlífi á fönnum vegi. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir hjá fólk í mínu kjördæmi og langt út fyrir það.

### Er í fullu starfi

Árin sex í þingmennsku hafa því verið viðburðarrík og skemmtileg. Um hver mánaðarmót frá maí 2013 hef ég í 68 skipti skilað inn aksturbókinni og geri enn. Ég hef aldrei fengið athugasemdir. Skrifstofa þingsins hefur heldur ekki talið ástæðu til að óska eftir frekari útskýringum.

Það væri áhugavert ef Píratar gætu gefið okkur mynd af sínum störfum í þágu kjósenda sinna og hvernig þeir hafa ráðstafað þeim 265 dögum sem þinghald stendur ekki yfir á hverju ári.

Hvað sem því líður mun ég áfram heimsækja fólk í mínu kjördæmi, vakna snemma og mæta í morgunkaffi með Suðurvíkurfjósadrengrunum í Norður Vík í Vík í Mýrdal þegar þeir kalla eða ganga frá Keflavík á fund í Grindavík. Ég mun halda áfram að þjónusta kjósendur mína í Suðurkjördæmi sem í enda dagsins munu leggja dóm á mín störf.

Ásmundur Friðriksson alþingismaður.



**Höfundur: Ásmundur  
Friðriksson.**

*F. í Reykjavík 21. jan. 1956.  
For.: Friðrik Ásmundsson (f.  
26. nóv. 1934) skipstjóri og  
skólastjóri og Valgerður Erla  
Óskarsdóttir (f. 24. maí 1937).  
M. Sigríður Magnúsdóttir (f. 26.  
jan. 1958) matráður. For.:  
Magnús G. Jensson og Kristín  
Guðríður Höbbý  
Sveinbjörnsdóttir. Börn: Ása  
Hrönn (1982), Erla (1984),  
Magnús Karl (1991). Sonur  
Ásmundar og Sigurlaugar  
Sigurpálsdóttur: Friðrik Elís  
(1975). Stjúpdóttir, dóttir  
Sigríðar: María Höbbý  
Sæmundsdóttir (1977).*

*Gagnfræðapróf  
Skógaskóla 1973.*

*Stundaði netagerð og  
sjómennsku 1970-1972. Vann  
við hreinsun Heimaeyjar  
sumarið 1973. Verkstjóri hjá  
Viðlagasjóði við hreinsun og  
endurreisn og uppgræðslu  
Heimaeyjar 1974-1978.  
Framleiðslu- og yfirverkstjóri  
hjá Vinnslustöð  
Vestmannaeyja 1978-1986.  
Sjálfstætt starfandi blaðamaður  
1980-2003. Framkvæmdastjóri  
Samkomuhúss Vestmannaeyja  
1986. Rak fiskvinnslufyrirtækið  
Kútmagakot ehf. 1988-2003.  
Framkvæmdastjóri  
Knattspyrnudeildar Keflavíkur  
2004. Verkefnastjóri  
Ljósanætur 2006.  
Verkefnastjóri í atvinnu- og  
menningarmálum hjá  
Reykjanesbæ 2008.  
Bæjarstjóri Sveitarfélagsins  
Garðs 2009-2012.*

*Í þjóðhátíðarnefndum  
Vestmannaeyja 1974-1996.  
Formaður  
handknattleiksdeildar Þórs  
1974-1978. Formaður Eyverja,  
félags ungra sjálfstæðismanna,  
1981-1984. Í stjórn SUS 1983-  
1987. Í flokksráði  
Sjálfstæðisflokksins og í stjórn  
fulltrúaráðs  
sjálfstæðisfélaganna í Eyjum  
1982-1986. Formaður íþróttá-  
og tómstundaráðs  
Vestmannaeyja 1982-1986.  
Formaður ÍBV 1994-1999.  
Formaður knattspyrnudeildar*





ÍBV 1999-2002. Stofnandi og  
formaður hollvinasamtaka  
Heilsustofnunar  
Náttúrulækningafélags Íslands  
í Hveragerði, NLFÍ, 2005-2011.  
Í stjórn Félags  
myndlistarmanna í  
Reykjanesbæ 2007-2008.  
Stofnandi Lista- og  
menningarfélagsins í Garði  
2009. Stjórnandi  
listaverkefnisins Ferskir vindar  
í Garði 2010. Formaður  
Sjálfstæðisfélagsins í Garði frá  
2012.

Alpm. Suðurk. síðan 2013  
(Sjálfstæðisflokkur).

Atvinnuveganefnd 2013-  
velferðarnefnd 2013-.


Ritstjóri: Fylkir, málgagn  
sjálfstæðismanna í  
Vestmannaeyjum (1986-1988).



AHUGAVERT

## Fjórar ástæður fyrir því að aksturspeningamálið er raunverulegur skandall

© 13 febrúar, 2018, 13:53 | Atli Fannar



Atli Fannar

Í síðustu viku kom í ljós að þingmenn frá tugi milljóna endurgreiddar í aksturskostnað á hverju ári. Það kom líka í ljós að þingmenn brjóta eigin reglur og að engar athugasemdir eru gerðar við að þeir fái ferðir á vegum flokkanna sinna endurgreiddar.

Þetta má ekki gleymast alveg strax enda um raunverulegan skandall að ræða. Hér eru fjórar ástæður fyrir því að við skulum halda þessu á lofti aðeins lengur.

### 1. Alþingi greiðir fyrir kosningabaráttu sitjandi þingmanna

Þetta er aðalskandallinn. Reglur Alþingis um þingfararkostnað þingmanna virðast ekki gera greinarmun á hvort þingmaður fái endurgreitt fyrir ferðir á vegum þingsins annars vegar og flokks síns hins vegar. Þetta staðfesti Ásmundur Friðriksson í viðtali við Morgunútvarpið í síðustu viku þegar hann sagði að þingið greiddi ferðir hans um kjördæmið á vegum flokksins, til dæmis á fundi og í kosningabaráttu. „Það kallar á endalaus ferðalög, þessar kosningar sem við höfum verið að lenda í,“ sagði hann.

Semsagt: Í kosningabaráttu fá þingmenn endurgreiddan ferðakostnað. Ef nýtt fólk ætlar á þing þarf það að greiða þessar ferðir úr eigin vasa, taka frí frá vinnu o.s.frv. Þingið hefur ekki gert athugasemdir við að þingmenn túlki reglurnar með þessum hætti.

### 2. Þingmenn brjóta reglur

Mælst er til þess í reglum um þingfararkostnað að þingmenn velji hagkvæmasta ferðamátan. „Þegar alþingismaður þarf að aka meira en 15.000 km á ári í starfi sínu skal hann fá til afnota bílaleigubifreið sem skrifstofa Alþingis leggur til,“ segir þar en bent hefur verið á að það er ódýrara fyrir þingið að greiða bílaleigubíl fyrir þingmenn en að endurgreiða aksturskostnað.

Eftirlitið er hins vegar lítið enda voru átta þingmenn í fyrra sem keyrðu frá 18.182 upp í 47.644 kílómetra á eigin bílum og fengu tugi milljóna endurgreiddar.

### 3. Viðbrögð þingmanna



# nútíminn

endanna á milli og ámóta viðfermt og Danmörk,“ segir Páll Magnússon á Facebook en í athugasemdakerfinu eru reyndar margir vina hans ósammála.

Brynjar Níelsson tekur í sama streng á Facebook og gagnrýnir fjölmiðlana. „Krafa þessara fjölmiðla um gagnsæi er ekki til að benda okkur á hvaða þingmenn sinni þessum mikilvægu störfum af alúð og eljusemi. Nei, tilgangurinn er að ýja að einhvers konar spillingu og sjálfstöku á peningum okkar hinna.“

Þeir skilja semsagt ekki að fólki finnist skrítið að komast allt í einu að því að þingmenn geti fengið nánast 400 þúsund krónur á mánuði endurgreiddar í aksturskostnað.


## 4. Við vitum ekki í hvað peningarnir okkar fara

Auðvitað snýst þetta mál ekki Ásmund Friðriksson. Þingið hefur ekki gert neinar athugasemdir við hvernig hann og aðrir þingmenn umgangast peningana sem þeir hafa aðgang að.

Auðvitað eiga þessar greiðslur bara að vera opinberar svo almenningur geti fylgst með í hvað peningarnir fara. Og auðvitað eiga þingmenn líka að fylgja reglum sem þeir hafa sett um sjálfa sig. Þeir geta byrjað á því að hætta að nota opinbert fé til að greiða fyrir ferðalög þeirra í kosningabaráttu.

Hér er tilbúið frumvarp sem myndi gera laun og allar greiðslur til þingmanna opinberar og aðgengilegar fyrir almenning. Nú þarf bara einhver að leggja það fram.

 Facebook


 Twitter

Líkar þetta 99

Deila



## Ásmundur vildi leigja Alþingi bílinn sinn



Ásmundur Friðriksson alþingismaður segist hafa reynt að leigja Alþingi bifreið sína en hugmyndin hafi ekki hlotið hljómgrunn hjá skrifstofu þingsins. Hann vilji ekki sætta sig við reglu um að alþingismenn taki bílaleigubíla þegar þeir hafa ekið 15.000 kílómetra. Hann segir að bílaleigubílarnir séu útkeyrðir og ekki góðir.

Þetta kemur fram í viðtali við Ásmund sem sýnt verður í Kastljósi í kvöld. Þar kemur einnig fram að hann láti Alþingi greiða fyrir allan akstur þegar hann hittir kjósendur flokksins í prófkjörum. Hann segist ekki hafa samið reglurnar og starfi innan þeirra.

Fram kom í Morgunútvarpinu á Rás 2 í morgun að samkvæmt útreikningum FÍB þá megi gera ráð fyrir að Ásmundur hafi fengið um 2.5 milljónir króna í greiðslur í fyrra umfram það sem það kostaði að aka bílnum tæplega ríflega 47 þúsund kílómetra. Greiðslurnar séu því ríflega fyrir raunverulegum kostnaði.

Viðbót: Strax eftir viðtalið viðurkenndi Ásmundur að hafa farið rangt með þegar hann var spurður út í hvort hann hefði látið ríkið greiða fyrir akstur við upptökur á þættinum Auðlindakistan. Hann sagði að upptökufólk hefði setið með honum í bílnum á leið í upptökur á viðtölum. Ferðirnar hafi fyrst og fremst verið til að hitta kjósendur en tökulið ÍNN hafi fengið að fljóta með til að gera sjónvarpsþætti.

Ingvi Hrafn Jónsson eigandi ÍNN sagði í samtali við fréttastofu RÚV að hann minnti að Ásmundur hefði gert þrjá til fjóra þætti fyrir ÍNN. Bifreið ÍNN hefði farið með í að minnsta kosti tvö skipti.

*Hægt er að horfa á viðtalið í heild sinni í spilaranum hér fyrir ofan.*





4

## Viðtal við Ásmund Friðriksson í Kastljósi 14. febrúar 2018

Viðtalið er að finna á <https://www.youtube.com/watch?v=KLEjLAzEMpA>

### Frá 4:30

Spyrill: Í starfreglunum segir að ef menn eru komnir upp í 15.000 km þá eigi menn að taka bílaleigubíl.

ÁF: Ég held að þær reglur hafi verið settar núna í lok síðasta þings án samráðs við okkur þingmennina sem eru í þessum heimaakstri. Það eru nú þingmenn sem hafa verið í viðræðum við núverandi forsætisnefnd um þessar reglur.

Spyrill: En reglan er. Af hverju ferðu ekki eftir henni?

ÁF: Ég er að skoða það núna. Ég var búinn að bjóða þinginu það. Að því ég gerði athugasemdir við þá bíla sem þeir bjóða. Ég ætla ekki að fara að keyra hérna á ónýtum bílaleigubílum keyrðum hundruðum þúsunda kílómetra. Ég bauð þeim það, að leigja bara minn bíl á sömu kjörum og þeir fá t.d. þessa bíla sem þeir hafa verið að skaffa þingmönnum.

Spyrill: Ætlaðir þú að fara að leigja þinginu þinn bíl?

ÁF: Nei ég bara stakk upp á því. Því ég vil gera kröfur um hvers konar bíl ég ek á.

### Frá 7:15

Spyrill: Hvað með þegar þú ferð i prófkjör?

ÁF: Þá nota ég bílinn.

Spyrill: Já en rukkarðu þingið um aksturskostnað fyrir prófkjör?

ÁF: Já já, ég geri það.

Spyrill: Finnst þér eðlilegt að þú sért í innanflokkslag á kostnað skattborgara?

ÁF: Þetta eru bara reglurnar – ég kom bara inn í þetta umhverfi. Það voru búnir að vera fullt af þingmönnum á þingi áður en ég kom.

Spyrill: Hvað fékkstu mikla peninga fyrir að keyra bílinn í prófkjöri? Ertu búinn að taka það saman?

ÁF: Nei nei.

### Frá 14:25

Spyrill: Þess má geta að strax eftir viðtalið viðurkenndi Ásmundur að hafa farið rangt með þegar hann var spurður út í hvort hann hefði látið ríkið greiða fyrir akstur við upptökur á þættinum Auðlindakistan. Hann sagði það hér í myndveru að upptökufólk hans hefði setið með honum í bílnum á leið í upptökur á þessum viðtölum fyrir ÍNN. Ferðirnar hafi þó fyrst og fremst verið til að hitta kjósendur en tókulið frá sjónvarpstöðinni ÍNN hafi fengið að fljóta með til að gera sjónvarpsefni og hann hafi rukkað Alþingi um aksturskostnaðinn.

